

Alþingi nefndasvið  
Þórunn María Bjarkadóttir, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 03.03.2008

Tilv. 40.13

JP/gg


**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um réttindi og stöðu líffæragjafa, 49. mál**

Landspítala hefur borist til umsagnar bréf Alþingis, dags. 15. febr. sl. um tillögu til þingsályktunar um réttindi og stöðu líffæragjafa, 49. mál.

Þingsályktunartillagan hefur verið skoðuð ítarlega af yfirlækni nýrnalækninga á Landspítala og fylgir umsögnin hér með.

Til samræmis við það mælir LSH með framgangi máls nr. 49.

Virðingarfyllst



---

Magnús Pétursson, forstjóri

135. löggjafarþing 2007-2008  
Þskj. 49 – 49. mál

### Tillaga til þingsályktunar um úttekt á réttindum og stöðu líffæragjafa

Flm.: Siv Friðleifsdóttir, Álfheiður Ingadóttir, Árni Þór Sigurðsson,  
Magnús Stefánsson, Bjarni Harðarson

#### Umsögn:

Þingsályktunartillaga um úttekt á réttindum og stöðu líffæragjafa felur í sér löngu tímabært skref í átt að sanngjörnum stuðningi við þennan hóp fórnfúsra einstaklinga í íslensku samfélagi. Reyndar hefur þegar verið skipaður vinnuhópur af hálfu Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og Félagsmálaráðuneytis sem kanna á stöðu sjálfviljugra (lifandi) líffæragjafa. Engu að síður er framangreind þingsályktunartillaga þýðingarmikið framlag í þágu þessa mikilvæga málefnis.

Ígræðslum nýrna í íslenska sjúklinga hefur fjölgað mjög undanfarin ár í takt við aukna þörf. Til þessa hefur verið unnt að mæta þörf íslenskra sjúklinga fyrir ígræðslu nýra og má aðallega þakka það háu hlutfalli lifandi gjafa en eins og fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni hafa um 70% gjafanýrna komið frá þeim. Rétt er að benda á að sjúklingum sem þarfnast ígræðslu nýra mun fjölga enn frekar á næstu árum og til marks um það má nefna að nú eru um 30 einstaklingar á ýmsum stigum undirbúnings fyrir ígræðslu nýra. Líffæragjafir frá látnum eru of fátíðar hér á landi eins og víða annars staðar. Í ljósi þess er afar þýðingarmikið að þorri nýrna til ígræðslu fái áfram frá lifandi gjöfum. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að bæta réttindi lifandi gjafa og auka við þá stuðning.

Ég hef engar efnislegar athugasemdir við þessa tillögu. Það er kannski fullsterkt til orða tekið að réttur lifandi nýragjafa hafi víða erlendis verið skilgreindur sérstaklega innan sjúkratryggingakerfa. Það er nokkuð breytilegt hvernig málum lifandi nýragjafa er háttað meðal annarra þjóða en ljóst að sums staðar eru þau í mun betri farvegi en hér á landi. Nefna má að í Danmörku ábyrgjast almannatryggingar laun í veikindaleyfi og óbeinan kostnað sem tengist nýragjöfni. Loks vil ég benda á að orðalag í síðustu málsgrein greinargerðarinnar er óskýrt þar sem segir að líffæragjafir séu samfélagslega mun ódýrari en langtímameðferðir við ýmsum alvarlegum sjúkdómum auk þess sem lífsgæði líffæraþeganna sjálfra stórukast við líffæragjöf. Þarna er án efa átt við að *líffæraígræðslur* séu samfélagslega mun ódýrari en langtímameðferðir við ýmsum alvarlegum sjúkdómum auk þess sem lífsgæði líffæraþeganna sjálfra stórukast við *ígræðslu líffæris*.

1. mars, 2008

Runólfur Pálsson yfirlæknir nýrnalækninga, Landspítala